

## Fundargerð

### Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 6. janúar 2021.

Staður: Rafrænn fundur með Microsoft Teams.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.18.00.

Mættir: Hrafnkell Marínósson, Aðalsteinn Valdimarsson, Karl Georg Klein, Viðar Halldórsson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson og Kristinn Arason. Forföll: Sveinn Sigurbergsson.

### Dagskrá:

- 1. Greiðsluáætlun Hafnarfjarðarbæjar til ÍBH árið 2021**  
Þjónustusamningur kr. 11.776.000, styrkir fyrir yngri en 18 ára kr. 10.000.000 og verkefni kr. 750.000.
- 2. Greiðsluáætlun Hafnarfjarðarbæjar til Afrekssjóðs ÍBH árið 2021**  
Styrkir kr. 12.220.000 og ÍBH greiðir einnig kr. 1.700.000 í sjóðinn, samtals kr. 13.920.000.
- 3. Stuðningur frá ríkinu / ÍSÍ til íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði**  
Almennar aðgerðir frá ríkinu / ÍSÍ 300 milljónur, þar af voru kr. 27.363.090 greiddar til aðildarféлага ÍBH 18. maí 2020. Sértekur aðgerðir ríkið / ÍSÍ 150 milljónir, þar af voru kr. 16.400.000 greiddar til aðildarféлага ÍBH. Viðbótar greiðsla Íslensk getsþá, arðgreiðsla til eignaraðila 300 milljónir króna, þar af 98 milljónir til ÍSÍ sem greiddi kr. 5.280.587 til ÍBH 23. október 2020. ÍBH skipti upphæðinni til aðildarféлага ÍBH eftir reglum ÍBH um skiptingu lottóhagnaðar.
- 4. Ferðasjóður íþróttafélaga – opið fyrir umsóknir**  
Bréf frá ÍSÍ 9. desember sl., þar sem vakin er athygli á því að búið sé að opna umsóknargátt fyrir keppnisferðir innanlands á fyrirfram ákveðin styrkhæf mót ársins 2020. Umsóknarfrestur er til 11. janúar 2021. Komið gæti til breytinga á úthlutun, þannig að heildarframlag sjóðsins verði ekki allt til úthlutunar vegna afleiðinga Covid-19 á mótahald ársins.
- 5. Heildstæð lausn fyrir rekstur íþrótt- og tómstundastarfs**  
Bréf frá 15. desember sl. frá Greiðslumiðlun um að fyrirtækin Greiðslumiðlun ehf (Nórakerfið) og Abler ehf (Sportabler) hafa náð samkomulagi um að samtvinna lausnaframboð sitt á sviði hugbúnaðar fyrir íþrótt- og tómstundastarf. Markmið með samstarfinu er að veita viðskiptavinum enn betri þjónustu með því að nýta styrkleika hvors kerfis fyrir sig og mynda eina heildstæða og öflugla lausn. Með þessu eru félögin í raun að bregðast við ákalli markaðsins um „eitt kerfi“ fyrir starfsemi sína. Þær breytingar sem koma til með að eiga sér stað verða kynntar á næstu vikum.
- 6. Boð á 75. ársþing KSÍ sem verður haldið 27. febrúar nk. á Ásvöllum í Hafnarfirði**  
Bréf frá KSÍ 16. desember sl. Hverju héraðssambandi / íþróttabandalagi er boðið að senda einn fulltrúa á 75. ársþing KSÍ. Aðildarfélög ÍBH eiga rétt á að senda samtals 8 fulltrúa á þingið, FH 4, Haukar 3, ÍH 1 og KÁ engann. KSÍ setur fyrirvara um rafrænt

knattspyrnuþing, stjórn KSÍ áskilur sér rétt til að breyta þingstað árið 2021 ef takmarkanir í reglugerð heilbrigðisráðherra heimila ekki áætlaðan heildarfjölda gesta á knattspyrnuþingi.

**7. Skýrsla sérstakur sjóður sem styður við þátttöku erlendra barna í íþrótt- og tómstundastarf, árið 2020**

Árið 2020 var sótt um 14 styrki, fyrir 12 börn (7 drengir og 5 stúlkur). Flestar umsóknir voru vegna æfingagjalda í íþróttir, tvær vegna ferðalags, þrjár til greiðslu frístundaheimilis og ein vegna sumarfrístundar. Upphæð styrkveitinga var samtals kr. 508.648. Umsjónarmaður sjóðsins er verkefnastjóri fjölmenningar hjá Hafnarfjarðarbæ.

**8. Kynningarfundur með ráðherra 30. desember sl. og lög um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs**

Umræður um fundinn og efnið sem var kynnt á honum. Búið er að senda aðildarfélögum ÍBH löggin og glærur sem voru kynntar á fundinum. Vinnumálastofnun mun annast umsóknarferlið og afgreiðslu umsókna. Umsóknarkerfið verður væntanlega tilbúið í lok janúar.

**9. Önnur mál**

a). VH spurði um nefndarvinnu hjá ÍSÍ varðandi endurskoðun á reglum um skiptingu lottótekna til sambandsaðila. Málið er ennþá í vinnslu. ÍBH er búið að leggja inn fyrirspurn um næsta fund nefndarinnar.

b). HM bað um álit fundarmanna á rafrænni Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 29. desember sl. Fundarmenn almennt ánægðir með hana.

c). HM bað fundarmenn að fara að huga að næsta þingi ÍBH sem er áætlað að halda 15. maí nk. Mikilvægt er að allsherjarnefnd þingsins hefji undirbúningsvinnu sem allra fyrst og er stefnt að tilnefningum í hana verði lokið á næsta stjórnarfundum ÍBH. Einnig bað hann fundarmenn um að huga að fastamönnum í aðrar nefndir þingsins, laganefnd, fjárhagsnefnd og íþróttanefnd.

d). RH spurði fundarmenn að því hvort einhver þeirra hefði þekkingu á rafrænum lausnum vegna rafrænna kosninga. Ýmsar tillögur komu fram sem verða athugaðar fyrir næsta stjórnarfund.

e). Að lokum vilja stjórnarmenn og framkvæmdastjóri ÍBH þakka formanni ÍBH Hrafnkatli Marinóssyni og eiginkonu hans Hlín Ástþórsdóttur fyrir glæsilegan jólamatarglaðning sem var í ár sendur heim til stjórnarmanna og framkvæmdarstjóra ÍBH.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.